

---

**F U N D A R G E R Ð**

<b>Fundur:</b>	<b>82. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Miðvikudagur 17. september 2003, kl. 13:00-14:20</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Landsvirkjun, Bústaðavegi</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Gögn ársins 2002 og staða skráningar. 2) Skýrsla Orkustofnunar um truflanir. 3) Breytingar á skráningu. 4) Samantekt á stuðlum ársins 2002. 5) Gæði raforku. 6) Kostnaður vegna skorts. 7) Breytingar vegna nýrra orkulaga. 8) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

START:	Helga Jóhannsdóttir Kristín Haralda Cecilsdóttir Jakob Ólafsson Steingrímur Jónsson Egill Sigmundsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson
Landsvirkjun:	Nils Gústavsson

Hjó bauð fundarmenn velkomna og sagði að þetta væri sinn síðasti fundur í START að sinni þar sem hún væri að fara í árs frí. Nils mun taka við sem fulltrúi Landsvirkjunar og var samþykkt að hann tæki við formennsku í hópnum.

1) Farið var yfir stöðu skráningar ársins 2002:

Landsvirkjun:	Skráningu lokið og gögn komin til Afls.
Orkuveita Reykjavíkur:	Skráningu lokið og gögn komin til Afls.
Orkubú Vestfjarða:	Skráningu lokið og gögn komin til Afls.
Rafmagnsveitur ríkisins:	Skráningu lokið og gögn komin til Afls. Við úrvinnslu hjá Afli komu í ljós að villur eru í

- skerðingu og sagðist SJ vera að skoða þær og mundi síðan senda gögnin að nýju.
- Norðurorka: Gögn eru ekki fágengin, verið að skrá þau inn í gagnagrunninn sem er staðsettur hjá Afli.
- Hitaveita Suðurnesja: Gögn ekki frágengin. ES sagði að lítið hefði gengið að skrá gögnin. Hann bað JV um að fara yfir skráninguna með starfsmönnum HS í næstu viku.
- 2) HJó lagði til að menn fengju frest til 1. nóvember til að ganga frá skráningu gagna og það sem ekki væri komið þá yrði þá ekki tekið með í skýrslu um truflanir síðustu 10 ára. JV var falið að kanna hvort Orkustofnun gæti unnið skýrsluna fyrir áramót.
- 3) HJó sagði að gera þyrfti tvær breytingar á skráningunni:
- a) Skrá skerðingu á bilun í stað truflunar.
  - b) Bæta við í frumorsök undir “Tæknilegt Önnur eining” fyrir þau tilvik þar sem bilun verður á einni einingu sem leiðir af sér fleiri bilanir sem hefðu ekki átt að koma upp.
- Hún fór yfir ástæður þessara reytinga og nefndi dæmi um þátt b) sem kom upp á þessu ári. Ákveðið var að þessar reytingar tækju gildi 1. janúar 2004.
- 4) JV var búinn að reikna út stuðla fyrir árið 2002 hjá þeim veitum sem búnar voru að skila inn gögnum og hafði hann ætt þessu inn í skýrsluna um stuðlana. Hann sagðist ekki vilja dreifa nýrri útgáfu af skýrslunni þar sem stuðlar fyrir Rarik væru ekki réttir vegna fyrrnefndra villna í gögnum þeirra um skerðingu.
- 5) JV sagði að hann, PEP og RSS hefðu komið saman tvisvar til að fjalla um kröfur varðandi gæði raforku hjá dreifiveitum. Landsvirkjun hefði heimilað að nota þá vinnu sem þar hafði verið unnin. Hópurinn telur að setja eigi fram kröfur bæði í dreifistöðvum og hjá notendum. Þeir vonast til að geta lagt fyrstu niðurstöður fyrir næsta fund hópsins.

HJó sagðist vera að kanna hver væri staða þessara mála hjá dreifiveitum í Noregi og KHC er að athuga í Svíþjóð. JV sagðist hafa athugað hvort einhverjar slíkar upplýsingar væru til hjá EPRI í Bandaríkjunum.

- 6) JV sagðist ekki hafa uppfært tölur um kostnað vegna skorts. Hann sagði að engar atvinnuvegaskýrslur hefðu komið út í mörg ár en þær henta vel til þessara hluta. Hann ætlar að skoða þetta betur.
- 7) JV sagðist hafa talað við starfsmenn í Iðnaðarráðuneyti um að koma á fundinn en þeir voru uppteknir núna en eru tilbúnir að koma á næsta fund.
- 8) JÓ benti á athugasemd sem gerð hefði verið við skráningu hjá þeim út frá kröfum Löggildingarstofu. Þar segir að sá sem framkvæmdi viðgerð skuli koma fram á skýrslu. Fundarmenn töldu ekki þörf á þessu og fremur ætti að skrá ábyrgðaraðila. JV var falið að senda fyrirspurn til Löggildingarstofu.

Fundarmenn þökkðu HJó fyrir samstarfið og óskuðu henni góðs gengis á nýjum stað.

Fleira ekki gert. Næsti fundur 19. nóvember 2003.

Jón Vilhjálmsson